



Ríkisendurskoðun  
Pósthólf 5350  
125 Reykjavík

## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 18. október 2011  
Tilv.: IRR11090324/10.90.0

Innanríkisráðuneytið hefur fjallað um ábendingu Ríkisendurskoðunar dags. 27. september sl. um innkaup löggæslustofnana. Þar kemur fram það mat Ríkisendurskoðunar að hluti viðskipta tiltekinna lögregluembættis og Fangelsismálastofnunar á tímabilinu 2008 til 2011 hafi ekki verið í samræmi við ákvæði laga um opinber innkaup. Innkaup 14 löggæslustofnana og Fangelsismálastofnunar við 4 tiltekin fyrirtæki á tímabilinu janúar 2008 til apríl 2011 hafi numið ríflega 91 m.kr. Þessi fyrirtæki séu í eigu lögreglumanna eða nánna venslamanna þeirra. Kemur fram að löggæslustofnanir hafi keypt búnað af fyrirtækjunum án þess að leita tilboða.

Meginniðurstöður Ríkisendurskoðunar eru:

1. Að löggæslustofnanir virði ákvæði laga um opinber innkaup og taka verklag við útboð og verðfyrirspurnir til endurskoðunar.
2. Að innanríkisráðuneytið tryggi að löggæslustofnanir hafi sameiginlegan skilning á umsjónarhlutverki ríkislögreglustjóra og að því sé sinnt.
3. Að innanríkisráðuneytið segi til um hvort það samrýmist störfum lögreglumanna að eiga og/eða starfa hjá fyrirtækjum sem löggæslustofnanir eiga í viðskiptum við.

Af þessu tilefni óskaði ráðuneytið eftir greinargerð embættis ríkislögreglustjóra vegna ábendingar Ríkisendurskoðunar. Þá óskaði ráðuneytið einnig eftir upplýsingum þeirra stofnana sem tilgreindar eru í ábendingu Ríkisendurskoðunar við fyrirtækin er lútu annars vegar að einstökum innkaupum stofnananna og hvort þau hefðu numið hærri fjárhæð en viðmiðunarfjárhæð um útboðsskyldu skv. lögum um opinber innkaup og hins vegar að aðkomu þeirra starfsmanna stofnananna sem tengjast þeim fyrirtækjum sem skipt var við að ákvörðunum um innkaup hjá stofnuninni. Meðfylgjandi eru greinargerðir ríkislögreglustjóra dags. 4. og 6. október sl. auk viðbótarupplýsinga með tölvupósti dags. 17. október sl. sem og svör sem bárust frá stofnunum við fyrirspurn ráðuneytisins.

Í greinargerðum ríkislögreglustjóra er gerð ítarleg grein fyrir innkaupum á ýmsum búnaði fyrir lögreglu á síðari hluta árs 2009 frá Trademark ehf. í ljósi athugasemda Ríkisendurskoðunar. Í greinargerð ríkislögreglustjóra kemur fram að öll innkaupin hafi verið undir viðmiðunarmörkum og í öllum tilvikum hafi verið leitað tilboða fleiri aðila í samræmi við 22. gr. laga um opinber innkaup. Hvað varðar tilvísun Ríkisendurskoðunar í flokkunarkerfi Evrópusambandsins (CPV) sbr. reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr 213/2008 þá var reglugerðin innleidd í íslenska löggjöf með reglugerð

nr. 933/2010 frá 18. nóvember 2010 eða um ári eftir að umrædd kaup fóru fram.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem borist hafa frá einstökum stofnunum sem nefndar eru í ábendingu Ríkisendurskoðunar hafa innkaup allra stofnana nema tveggja verið undir viðmiðunarfjárhæð um útboðsskyldu og voru því ekki útboðsskyld. Í þeim tilvikum sem innkaup voru undir viðmiðunarmörkum var gerð þarfagreining og leitað eftir hagstæðu verði væri það mögulegt, en það skal tekið fram að innkaup á ýmsum valdbeitingarbúnaði lögreglu eru háð gæðakröfum sem ríkislögreglustjóri setur. Þannig er einungis heimilt að nota eina tiltekna gerð af lögreglukyflum á grv. umburðarbréfs RLS. Af þeim tveimur stofnunum, sem keyptu inn fyrir hærri fjárhæð en sem nemur viðmiðunarfjárhæðinni, þ.e. Lögreglustjóraembættið á Suðurnesjum og Lögregluskóli ríkisins, gerir Ríkisendurskoðun einungis athugasemd við innkaup Lögregluskólans og telur að honum hafi borið skylda til að bjóða út kaup skólans á óeirðabúnaði. Athugasemdir Lögregluskólans af þessu tilefni benda til þess að þörf sé á að skýra reglur og verkferla innan lögreglunnar um framkvæmd innkaupa og að misskilnings hafi gætt af hálfu Lögregluskólans um að útboð hefði farið fram á þeim vörum sem ríkislögreglustjóri og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu keyptu af sama fyrirtæki síðla árs 2009.

Á grundvelli fyrirliggjandi telur ráðuneytið alrangt að gefa þá mynd að lögregla fari ekki að lögum um opinber innkaup. Hins vegar skal tekið undir að ekki hafi verið við lýði nógu skýrar reglur um framkvæmd innkaupa hjá lögreglu og er nú unnið að því að færa það til betri vegar.

Í kjölfar ábendinga Ríkisendurskoðunar hefur innanríkisráðuneytið hins vegar ritað forstöðumönnum stofnana ráðuneytisins og kynnt fyrir þeim innkaupastefnu ráðuneytisins og stofnana þess sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra ritaði undir 14. október sl. Innkaupastefnan tekur til ráðuneytisins og stofnana þess og verður hluti af árangursstjórnunarsamningum ráðuneytisins við stofnanirnar. Tilgangur hennar er að innkaup séu hagkvæm, opin, ábyrg og sanngjörn. Markmiðið er að auka hagkvæmni innkaupa með því að leita eftir bestu niðurstöðu að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings. Þá skulu allar stofnanir vera áskrifendur að rammisamningum Ríkiskaupa, að fjárhagslegur sparnaður náist, innleidd verði rafræn innkaupaferli og að skipaðir verði ábyrgðarmenn innkaupa.

Ráðuneytið telur ástæðu til þess að endurmeta innkaupakerfi lögreglunnar í ljósi ábendingar Ríkisendurskoðunar og innkaupastefnu ráðuneytisins. Gerðar eru ríkar kröfur til trausts og trúverðugleika lögreglunnar og því mikilvægt að innan lögreglukerfisins sé traust og áreiðanlegt umhverfi í opinberum innkaupum. Því hefur ráðuneytið falið ríkislögreglustjóra í samvinnu við lögregluembætti og Ríkiskaup gera heildstæðar tillögur að umbótum í innkaupum á búnaði og tækjum til lögreglunnar, þar með talið á tilhögun innkaupa fyrir lögregluna í heild og ábyrgð og umsjón með innkaupunum. Er þess óskað að gerðar verði tillögur að nauðsynlegum breytingum á lögum eða reglugerðum sé þess þörf. Hefur verið lagt fyrir ríkislögreglustjóra að tillögur hans í samvinnu við ofangreinda aðila liggi fyrir eigi síðar en 1. febrúar n.k.

Vegna ábendinga Ríkisendurskoðunar um að innanríkisráðuneytið segi til um hvort það samrýmist störfum lögreglumanna að eiga og/eða starfa hjá fyrirtækjum sem löggæslustofnanir eiga í viðskiptum við bendir ráðuneytið á að það kann að vera heimilt og í samræmi við almennar reglur að lögreglumenn eins og aðrir ríkisstarfsmenn stundi tiltekin aukastörf með samþykki yfirmanns síns sbr. 20. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Í ábendingu Ríkisendurskoðunar eru reifuð ættartengsl lögreglumanna við tiltekin fyrirtæki án þess að vikið sé að því hvort lögreglumennirnir gegni aukastörfum hjá fyrirtækjunum eða þiggi þaðan laun og án þess að vikið sé að því hvort viðkomandi lögreglumenn hafi með höndum innkaup á vegum þeirra embættanna sem þeir starfa hjá. Ráðuneytið tekur undir sjónarmið ríkislögreglustjóra um að viðskipti löggæslustofnana við fyrirtæki sem tengist lögreglumönnum séu heimil en óheppileg sökum þess að þau geta kallað á gagnrýni, þó óréttmæt sé, og sáð efasemdum og tortryggni í huga almennings í garð lögreglu.

Meginmáli skiptir að innkaupakerfið sé gagnsætt og skilvirkt og miði að því að ná hagstæðustu innkaupum og jafnframt að þeir sem taki ákvarðanir um innkaup hjá stofnunum eigi ekki persónulegra hagsmuna að gæta og að öll umsýslan byggist á málefnanlegum sjónarmiðum. Það skal tekið fram samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum koma viðkomandi lögreglumenn annað hvort ekki að innkaupum hjá viðkomandi embætti eða fara með endanlegt ákvörðunarvald um innkaup hjá þeirri stofnun er þeir starfa hjá. Í tveimur tilvikum er um að ræða yfirmenn í næst æðstu stöðum sem gátu haft áhrif á ákvörðunartökuna en tóku ekki endanlega ákvörðun um innkaupin.

Vegna ábendingar Ríkisendurskoðunar að innanríkisráðuneytið segi til um hvort það samrýmist störfum lögreglumanna að eiga og/eða starfa hjá fyrirtækjum sem löggæslustofnanir eiga í viðskiptum við er rétt að taka fram að á vegum ríkislögreglustjóra eru nú að beiðni ráðuneytisins unnið að gerð reglna um aukastörf lögreglumanna skv. 32. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Á vegum ríkislögreglustjóra er starfandi vinnuhópur með aðkomu Landssambands lögreglumanna og Lögregluskóla ríkisins. Vinnuhópurinn hefur ekki skilað niðurstöðum sínum og hefur ráðuneytið mælt til þess að tillögur að reglum um aukastörf lögreglumanna liggi fyrir eigi síðar en 1. febrúar n.k. og jafnframt að þar verði fjallað um grundvallarsjónarmið sem slíkar reglur þurfi að taka til þ.m.t. hvort það teljist samrýmanlegt störfum í lögreglu að þiggja laun hjá fyrirtækjum sem lögreglan á viðskipti við.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir

Þórunn J. Hafstein